


Kemur út í saman hvern Laugardag. Ekki minna en sex [illegible] arkir í hvert skifti.

Sveitablaðið

Skrifleg uppsögn bundin við áramót. Ógild nema komin sé til ritnefndar fyrir 23 Apr. n.k.

# Fjallfari

| 4. Ár | 1 Kerfi | 3 Blað | No 3 |
|---|---|---|---|

Veðramót Ld 5/12 1903

## Ritnefnd:

Björn Jónsson  Sölvi Guðmundsson

Jón Þ. Björnsson

# Heyforðabúr

Margir kasta þungum steini á fyrir-
hyggjuleysi manna með ásetning á fé
sínu eða búpeningi yfir höfuð, enda
er því ekki bót mælandi. En þegar
menn skoða málefni þetta, og ýmsar
ástæður manna nokkuð gjör, og með
hliðsjón af því hvernig til hagar
hér á landi, þá er ekki að furða þótt
margir af þeim fyrirhyggjumönnum
steyti eigi sjaldan á þessu óttalega
heyskortsskeri, þar sem suma af þeim
sem taldir eru tilhyggnari flokksins
ber einnig á stundum uppá það, og
bíða tilfinnanlegt skipbrot, á búsæld
og velgengni sinni. Margt ber til
þessa, fyrst það að margar jarðir hafa
ónógan heyskap, og sumar nær því engan

og er því audsætt, að annaðhvort er að gjöra að setja á voginn á „Guð og gaddinn“ sem kallað er, eða þá að hafa skepnur sínar svo sár fáar að ómögulegt er að framfleyta á þeim skylduliði sínu, því sem hverjum ber að annast, og lífið standast út yfir þau sem á bændunum hvíla. — Það er því ekki nema ofur eðlilegt, þótt það sé máske hvorki hyggilegt né búmannlegt, að menn — þar sem útbeit er vanalega — setji nokkuð djarft á heyin, og treysti á útbeitina sem opt reynist full, svo kjarngóð til fóðurs, og þrífa, að minnsta kosti fyrir hross. Þeir misjöfnu vetrar, sem hér eru svo tíðir freista manna, og vona sem stundum eru svo hagstæðir, en aptur stundum svo harðir, sem flestir bændur ekki búast við, heldur þykjast góðir ef þeir komast af veturinn yfir og gott þá svo er. en hér er opt harð-



viður að líðinni til, þegar vor er komið, eða fram yfir sumarmál. Þar við bætist, að sumurin eru svo ákaflega misjöfn, að gæðum eins og t. d. það seinasta. Gjörir þetta misjafna og óreglubundna tíðarfar svo tilfinnanlega búvelltu. Það er því mjög áríðandi að finna ráð til þess að tryggja á einhvern hátt líf, og góða afkomu búpenings vors. — En horfellis lögin frá 9. Febrúar 1900, og heyskoðanirnar sem þau fyrirskipa — mun einhver segja — þau eru þó til þess að girða fyrir heyleysi, og horfellir, og yfir höfuð afstýra öllum vandræðum er af heyleysi leiðir, hjá okkur bændunum. Við vörpum líka allri áhyggju vorri uppá heyskoðunar — manninn. — Já hvað sem menn nú segja um þau lög og árangur þann sem af þeim hefir til þessa orðið, þá virðist mér hann

nýjä litill, svo þrátt fyrir einlægan vilja ásetningsmannanna er nýj[a] svo hætt við að álit og ráð staðann[a] þeirra séu ekki svo fullnægjandi, til þess að forða bændum frá tjóni því er af heyleysinu leið[ir]. Til þess ber líka svo ákaflega ma[rgt] sem hvorki skoðunarmaður né bóndinn sjá fyrir fram, á þeim tím[a] sem skoðunin fer fram. Það er því þrátt fyrir hin ómissandi lagafyrirmæli, lífsnauðsyn að finn[a] einhvern færilegan veg, en þótt nú vegurinn eða vegirnir fyr[ir]ust, þá er eigi auðvelt að segja fy[rir] en með reynslunni hver þeirra er beztur, með því líka að sitt á v[ið] á hverjum stað. —

Eg vil því leggja fyrir lesen[dur] Fjallfara einfalda óbrotna uppástungu gegn heyskorti, sem hugsanlegt væri að komið gæti að haldi



fyrst hjá einstökum mönnum og síðan breiðst meir og meir út. Hún er þá í fáum orðum þessi

1. Atriði.

Hver einasti maður getur stofnað heyforðabúr handa sjálfum sér. T.d. þeir menn sem hafa þá ágætu reglu að fyrna æfinlega hvernig sem vetrar og hvað margt sem er á fóðrum og það þótt þeir séu á heyskaparlitlum jörðum, þar sem er lítil útbeit, en vetrarríki mikið. Það væri hugsanlegt að þeir sem þannig ekki gætu komið á sinni fyrir bað, hefðu það svo að fá peninga til láns, ef eigi væri annars kostur og afla sér heys fyrir þá með hverju því móti sem haganlegast kynni að þykja, hvort heldur væri með að taka kaupafólk til að vinna að þessum heyafla í sínu landi, eða þá að fá engi annarstaðar, eða í þriðja lagi að kaupa svo mikið

hey að samvinna til sem mennst-
ótu til heyfardans. En með hvegju-
móti sem heysins væri aflað, þá
að hafa það jafnan sérstakt, og binda
órjúfanlegum lögum við sjálfan sig
að taka ekki af þessu heyi, eða þar
næst þess fyr hvernig sem vetraði
og vetraði, fyr en í fyrsta lagi eftir
sumarmál. — Heyforði þessi þyrfti
jafnan að miðast við skepnufjölda
hvers eins og vera svo mikill, að
hann entist, hvað hart sem yrði
og þótt gefa þyrfti fram um messu
svo menn jafnan væru vissir að
bjarga skepnunum sínum vel út-
andi framúr. Leigur af peningum
þeim sem stæðu í heyinu, ætti
eigi að álíta nema fjórðung af fati hve-
eins. Þó kæmi svo nemdi 5–6. kr
af hundraði. Þá væri það þó ekki
nema sem svaraði hálfu kinda-
verði, og yrði slíkt hverfandi í sam-



burði við að hafa fé sitt, máske
svo hundruðum skifti á vogum
eða missa fleira eða færra af því.
Og þó ekki ræki svo langt, að til fellis
kæmi, þá svo að gagn töpuðist stór-
um af því

2. Atriði

Ef maður væri svo efnum búinn að
geta aflað meira heys í forða búið en
handa sjálfum sér, þá væri góðra-
gjalda vert, að þessi maður vildi
hjálpa öðrum ef í lagi, og skyldi
hann láta þann sem óskaði hey-
láns síns að vorinu, svara sér fyrir-
fram eins konar veðkaupi eða bag-
an fyrir að eiga von um að fá hey-
lánið, svo sem 5 aurum af fjórðungi
heyjanna er hann héldi að hann
ef hart yrði fram á vor þyrfti að
fá lánaðan, en greiddi hann eigi
veðkaupið, á þann líma sem hey-

sölumaður hefði ákveðið þá skyldi
þessi vera laus við loforð sitt; við það
er heylánsins hafði beiðst. Enn ef
sá sem kaupir heylánsvissuna það
nast ekki heysins sjálfur, má hann
selja veðið öðrum, en þar finnst engi
heysins næsta vor, má hlutaðeigan-
di hvorki taka það veðkaup sitt aptur
sem þegar er bargað né heldur geyma
það til næsta vors, heldur skal hey-
eigandi halda því uppi fyrning
heysins, og kostnað sem leiðir af geymslu
þess. — Sá sem hefir þannig
hey hjá öðrum verður að vera sömu
ákvæðum háður, og áður er getið, að fá
ekki heylánið fyr en í fyrsta lagi
um sumarmál, og þegar hann tekur
það þá að barga það úr hönd, eða að
öðrum kosti að gefa áreiðanlega
vissu fyrir því að hann á tiltekn-
um tíma á sumrinu skuli svara
heyinu aptur, þannig úti látnu



sem sá er heyið léði væri ánægður
með. Annars er óhætt að fullyrða
að heysala er langtum vissari, og
í öllu tilliti affarasælli en heylán
bæði fyrir þann sem úti lætur og
hinn sem við tekur, og það þó
fjórðungurinn af útheyinu kosti
frá 25–30 aura. Þá þarf engin
eptirkaup eða eptirmál að verða;
en til hins vita menn að opt
hefir gengið mjög illa, að fá hey sem
lánað var að vorinu, endurbargað
að sumrinu með nýju heyi. Komið
hefir fyrir að hey það sem greitt er í heyskuldina
er talsvert lakara, og miður verkað en venja.
Þessutan getur heylántökumanni að tefja
og kostnaða samt um háslættinn að flytja
heyið til þess er lánaði, og bætist þannig
drýgjunum við hið upphaflega verð þess heys
er hann fékk lánað að vorinu. —

[Framhald]

# Heima á Hólum

Sagan.

Eitt af því sem einna mest hefir stuðlað að því að vekja athygli útlendinga á landi voru og þjóð, er hin viðburðaríka fortíð þess, og ef vér grennumst eftir, hverjar orsakir liggja til þess, að jafnvel utanlands er líf hinna fyrri kynslóða lands vors, svo vel þekt, þá göngum vér fljótt úr skugga um að það er að þakka vorum dýrmætasta forngrip — Sögunni. Það er hennar að gjöra að landsins fornu mörgu og stórkostlegu viðburðir haldast skýrir sem lifandi og nýskeðir í minni og á vörum núlifandi manna. Og það er sömuleiðis fyrir hennar verkanir að þeir einnig flytjast með straumi tímans fram til komandi kyn-



slóða, jafnlausir við ellimörk, og dauðapunkta eins og þeir hefðu skeð í gær. — Að því er Söguna snertir þá erum vér að líkindum flestir samdóma, með tilliti til þessa sérstaka atriðis. Um nytsemi Sögunnar fyrir nútíð og framtíð höfum vér ef til vill skiftari skoðanir. Og þótt sumum þyki það ekki samkvæmt yfirskrift þessa greinarstúfs þá get eg ekki látið hjá líða að drepa á það, enda liggur það að minnsta kosti ekki mjög fjarri efninu.

Nú á seinustu árum hafa sumir vorir djúpvitrustu dómgreindarmenn einmitt beitt sér í þessa átt, og árangurinn hefir orðið sá, að í þeirra augum hafa fornsögur vorar hækkað mjög í gildi sem þjóðlegur dýrgripur, og eitt af þjóðarinnar nauðsynlegustu hjálparmeðulum til sannrar menningar.

Þegar vér alþýðumennirnir sem ekki hafa um jafn auðgan garð að gresja

að því er hin andlegu föng snertir
öllum að taka sömu spurningu til
úrlausnar, þá hefði hver einstakur
þann mælikvarðann réttastan þar
sem sjálfur hann er. Því þó enginn
geti álitið alla aðra eins skapi farna og
sjálfan sig, þá er þó enn síður ástæða til
að halda alla nema sér gagnólíka að
öllum ósjálfráðum eigindum. Svo
framarlega að gengið sé út frá því að
mannlegt eðli ~~sé~~ byggist á vissum grund-
vallaratriðum og sé „fastum lögum háð"
þá er enginn mælikv. í þessu efni áreiðan-
legri, ef vér á annað borð viljum ekki gefa
álit vort alveg úr lausu lofti.

Til þess því að meta réttil. gildi
Sögunnar, þá finnst mér hverjum
liggja næst að athuga: Hver áhrif hafa
hinir ýmsu atburðir Sögunnar úr fyrra
lífi Þjóðarinnar á mig persónulega.
Spurningin þætti mönnum ef til vill
fullnærgöngul væri henni beint út



við, en nú er einmitt þvert á móti, og
sjálfselskan miðlar oftast svo málum
að menn reiðast sjálfum sér ógjarnan
og fyrir mitt leyti álít það svar rétt-
ast. að jafnyfirgripsmikið mál og forn-
sögur vorar eru fjalli um svo margt, að
þar sem farar um að gjöra öll möguleg
áhrif á viljaþrekslitinn og stefnu á hvað-
ir lausan mannsanda. Henni má að
því leyti líkja við hárbitrust tvíeggjað
-jafnvel margeggjað- vopn, sem gefur verð
„vaðinn sjálfur" ef því er ranglega beitt,
en aftur á móti hafi, slær áhrif til góðs
ef því beitt með réttum hætti í rétta
átt. Svo er og um flest, að það má mis-
brúka þó það sé ekki sinn dýrmætt
en það ætti ekki að verða þeim sem
njóta eiga til ógagns, heldur þvert á móti
af því að hann er gæddur hæfileikum
er sýna nemunum á góðu og illu réttu
og röngu, og hafi hann jafnvel einnig
myndað sér þá lífsreglu, að nota sér öll

öll þau föng sem fyrir hendi eru
á lífsleitinni til þess að nálgast há-
mark fullkomins manndóms (eftir því er
það getur orðið), og fjarlægjast sem mest alt
það er tilheyrir gerfi hinna grimmustu, villt-
ustu, lægstu og dýrslegustu.

Eg er því ekki í efa um, að
ef vér leitum eftir mikilvægi Sögunn-
ar, þá sannfærumst vér um að það eru
fleiri en útlendingar sem eru móttæki-
legir fyrir hin göfgandi áhrif forn-
sagna vorra. Að það eru einnig og
miklu fremur landsins eigin börn
sem vilja og finna til hinna sömu
blóðstrauma í æðum <u>sínum</u>, sem
gjört hafa persónur Sögunnar fær-
um að vinna sín ýmsu hlutverk
á leikvelli mannlífsins á þann hátt
sem „bókfell margra alda“ nú ber með.
Og eg er einnig sannfærður um
að með lýsingu á eiginleikum og
framkomu forfeldra (forfeðra og form



vorra bregður Sagan upp fyrir mörgum
oss spegli af vorri eigin ímynd, sem
einungis vegna umbreyttra aldarhátta
rásar viðburðanna, annara og nýrra
siða, ólíkra kringumstæða og yfir höf-
uð vegna ýmsra breytinga skilyrðanna
kemur nú fram með öðrum blæ, svo
hún verður í sjálfum oss talsvert tor-
þekkjanleg frá hinni frumlegu. Oss
verður líka oft ósjálfrátt að athuga
hvernig vér mundum hafa „reynst“ í
því í þessa og þessa manns sporum
ef vér hefðum lifað undir sömu á-
hrifum og hann.

Þér fyrirgefið kæru lesendur
ef eg þreyti yður með þessu. Eg ann
Sögunni, og þessvegna vona eg að þér
virðið mér til vorkunnar þó eg hverfi
aftur í tímann, þegar eg stend á
þessum stað, sem næst Þingvelli við
Öxará er ef til vill sá staður lands vors
sem allra flestir viðburðir fyrir tímann

eru knýttir við. Mér finnst stundum
einkum þegar eg geng einn um þessa
forni stöðvar að eg sé í sama ástandi
eins og söguersónurnar forni, þegar þá
ráfuðu allslausar um rústir brennd-
ra eða niðurbrotinna borga, og minntust
undan genginnar æfi, þó það verði fyr-
ir mér nokkuð á annan veg. Það er þá stund-
um eins og hin ósýnilega íslenzka sögugyðja
standi hjá mér í anda, og eins og eg heyri hana
~~seg~~ hvísla innst inni í huga mínum:
Hafir þú nokkurn tíma verið efablandinn
um sannleiksgildi frásagna minna, þá
ætti það þó ekki að viðgangast hér á eftir.
Sérðu t. d. ekki greinilegan vott til vog-
ins hans Jóns Arasonar, og hvernig jarð-
göngin á milli þess og kirkjunnar eru
signi niður, og mynda jafna laut alla
leið. Þarna niður frá eru rústirnar af
bænhúsi, prentsmiðjunni, latínu-
skólanum, og kirkjunni, en þarna
sjáum við hana endurrisna, og furðu



fagra. Það er einungis fátt eitt sem
hún hefir tekið í arf af dýrgripum
móður sinnar. Útlendir yfirgangs-
og ráns-menn sem þóttust vinna
í þarfir hinnar sönnustu trúar og
hreinasta siðgæðis hafa séð fyrir þeim.
Þarna er þó í miðjum kórnum skírna-
fonturinn, eptir íslenzkann bónda af
miklum hagleik smíðaður, og letraður
Efnið er blágrýti úr Sindastóli. Kross-
markið í fullri stærð, og altaristöflunni (merka)
sem haft er eptir mér að páfinn hafi
sent Jóni Arasyni, en eg minnist
ekki að hafa sagt — Þarna í kirkjugarð-
inum ~~undir flötum~~ undir flötu mosa
vöxnu legsteinunum, eru hinar
síðustu leifar fjölda margra biskupa
og annara merkra manna, sem eg
áður svo oft hefi sagt þér frá. Þér
sjálfum er um að kenna ef þú
manst það ekki allt saman.
Margir hvíla og undir gólfi hinnar yngri kirkju

Eg er fús að svífa með þig til baka 4-6-8[00]
jafnvel 1000 ár aftur í tímann, og skyld[i]
hafa nóg umtalsefni bæði gott, og glað[-]
legt, en einnig illt, og viðurstyggilegt
ef þér þóknast, það betur. Þá yrðu
staðirnir og menjarnar margar, sem
allar yrðu óhrekjandi sannleiksvit[ni]
í höndum mínum. Þó óhlutvan[dir]
menn hafi bæði fyr og síðar aukið og
rangherint orð mín, þá er sannleikur[-]
inn ætíð einn, og óbifanlegur í eðli sín[u].
Það hryggir mig einnig mjög að þér
sem og einu nafni kalla barn minnst[a]
skuli ekki nema fáein vera þess um[-]
komin að fylgjast með mér líkamleg[a]
til hinna ýmsu staða sem og er helzt bund[-]
og hlýða á röksemdafærslur mínar.
Framtíðin greiðir yður þar leiði sem
aðrar, og þá skal og ætíð vera jafnfús til
að taka þátt í förinni til betri heiminga,
því og eldist aldrei. – Eg var svo
hjartanl. samþykkur öllu þessu o[g]



mér fannst nærri um of, en
til að sýna ofurlítinn vísir til
mótmæla þá hvatst. og ekki hafa
kringumstæður til að setla þessu
tilboði mín, og einnig mundi saga
Hólastaða líka hafa hinar svört[-]
ustu blaðsíður, víta ólaðar við bjátr[-]
bygum mestjum mannvonzkunn[-]
ar og blóti drifnum bannfæring[-]
um, og þegar mér varð litið á hið
stóra og sæmilega skólahús, er reis
gnæfandi upp frá rústum hinna
glötuðu frændþjóðar, og sem og mér
var nokkuð farinn að kynna mér
að því er tilgang og markmið snerti
þá ruddi sú hugsun sér rúm hjá
mér hvort hinn forni Hólastaðar
mundi þegar til alls kæmi, gjöra
betur en þola samanburð við hina
nýju stofnun, og stefnu hennar. –
Flestir lesendur þekkja eitthvað
til Hólaskóla, námsins, og meira, sumir gjörla

þó mun mönnum einkum hinum fyrri vera forvitni að fregna þaðan eitthvað af því er fram fer, og tel eg ekki eptir mér að segja útdrátt úr því helzta er eg veit, að því er snertir:

## Búnaðarskólann [illegible]

Námsgreinir skólans eru þessar: [í hverri viku stundir

| I. Bekkur | | II. Bekkur | |
|---|---|---|---|
| Dráttlist | 8 (stundir) | Jarðræktarfræði | 8 |
| Leikfimi | 6 | Húsdýrafræði | 6 |
| Stærðfræði | 5 | Leikfimi | 6 |
| Efnafræði | 4 | Rúmmáls- og talnafræði | 2 |
| Grasafræði | 3 | Búreikningar | 2 |
| Líkamsfræði (Anatomi) | 2 | Verkfærafræði | 2 |
| Jarðvegsfræði | 1 | Mjólkurfræði | 2 |
| Dýrafræði | 1 | Kortteikning | 2 |
| Búnaðarsaga | 1 | Búnaðarsaga | 1 |
| Íslenzka | 1 | Búnaðarhagfræði | 1 |
| Skýring kennslubóka | 2. | Lækning húsdýra | 1 |
| | | Íslenzka | 1 |
| | | Upplestur í náttúrufr. | 1 |
| | | Skýring kennslub. | 1 |



Stundafjöldi í hverjum bekk er þannig yfir vikuna 36. eða 6 stundir á dag. Kennarar eru 3. Skólastj. Sigurður Sigurðsson Hovent Jóhanness. og Jósef J. Björnsson. Hér er hvorki rúm né nægileg þörf fyrir hendi til að taka hverja námsgrein útaf fyrir sig. Kennurunum er mjög vel treystandi til að hafa valið kennslubækurnar heppilega. Þó þykir fæti námsveinunum, og fleirum, það hið mesta mein, að flestar hinna víðtæk-ustu og þyngstu kennslubóka eru á Dönsku og Norsku. Má nærri geta hversu mikið ofurefli það er óþroskuðum unglingum fyrst í stað, að fást við útlausn torskildra fræðisetninga, og spursmála, á þungu og samanreknu útlendu vísindamáli, þegar svo þar við bætist, að þeir eru allmargir er koma á skólann sem hafa mjög svo takmarkaða þekkingu í danskri tungu, og eru einnig sem mikla skipt

óvanir námi. Annars bekkinga
standa alltaf mikið betur að vígi í því
tilliti. Og auðvitað er þetta óhjákvæmilega
að heita viðkomandi flestum skólunum
vorum, auk Hólaskóla. En það má óhætt
telja því að minnsta kosti jafnmarga
óvildarmenn, eins og þá sem reyna að
og hafa reynt, torveldi þess. En það er
varla undarl. hve fljótt það mönnum fleyg
ist fram á því mörgum hverjum. En
um ýms áhrif önnur, er slíkt getur
haft á námsmanninn (eða mögnu) að
og ekki að fara frekar út í hér. — Hjá flestum
mun eining stinga í augum, hvert þá
Íslenzkunámið er. Er það aðallega
það, sem ég get fundið að tilhögun
kennslunnar. Alls ekki að búast má
að piltar þaðan geti skrifað móður
mál sitt stafvillulaust, ef þeir hafa
ekki því meiri þekkingu í þessari
aðalgrein hvers skóla, áður. En það
væri ekki skólanum að þakka, þó [illegible]
eða fáir hafi allgóða undirbúningsþekkingu



það er því sannarl. hart, eftir því sem
skólinn býr bændaefnin vel undir
lífið og stöðu sína hversu varhluta
þeir fara af námi í þessari grein.
Eg vildi gjarnan fara um að
kynnast skólalífinu, og heimilis
lífinu, sem mest, og get og sagt að
yfir leitt (að öðru leyti en þessu) virtist mér það
hið æskilegasta hvorttveggja. Starfsemi
og nám fyrir í skólanum, má heita mjög
góð, og einkum þegar tillit er tekið
til þess að hið breytta nýja fyrirkomul.
(engin próf né einkunnir), geta auðvitað
gefið tilefni til hins gagnstæða.
Kennararnir eru elskaðir og virtir af
nemendunum, aðallega fyrir skyldu
rækni, og einlæga og innil. viðbúð. And-
legrar fjarlægðar milli kennara og
nemenda gætir því mjög lítið, og yfir höfuð
er samvinnan mjög ákjósanleg. Piltar
eru á hverjum Miðv.dagi látnir halda
fyrirlestra í vissum greinum, um það

sem áður hefir komið til alþingismanna
við námið, og veit sá sem kjörinn er
það átta viku fyrir, er ekki laust
við að því fylgi nokkur hiti á stundum.
Talar þá ræðum stundum hinnar
úti, eftir því sem þekking og talsgáfa
leyfir, en kennarinn situr á meðan
úr sæti sínu og hlýðir á sem hinir, og
áskilur sér rétt til að taka sanda á eft
ef þörf gjörist. Annars er einhver
viss ákveðinn til að setja út á.
Einkum létu þeir í ljósi við slík tæk
færi að þeim væri ekki um bændaskóla-
manninn sem eðlil. var þar sem
þeir voru ókunnugir. Það bætti úr
að þeir voru ekki margir, aðeins 5
2 Húnvetninga og 3 Skagfirðinga
þar af 2 er voru í fyrra. Þótti okkur
mikla miður að ekki komu fleiri og
þeim er sóktu. Af góðfýsi gjörðu þ
kennarar sjálfir verk að því að halda
bændaskóla fyrir þessa 5. og gáfu þeim



sömul. leyfi til að vera í tímum
með efri bekkingunum, eftir sem þei
vildu og gátu því við komið, annars
höfðu þeir kennslustofu útaf fyrir sig til setunnar
þegar kennslustundirnar voru ekki
haldnar við kýr og hesta, í fjósi og hest-
húsi eða úti. Vilja þeir sem þekktu
til hins fjölmenna bændaskóla í
fyrra álíta, að þessir fámennu hópar
hafi mikla betur notið ýmsra leið-
beininga, en þá gat orðið. Það eina
sem á vantaði fyrir bændaskólann
frá því sem í fyrra, var málfundir
sem ekki var hægt að eiga við fyrir
aðeins 5 menn, öðruvísi en í sam-
einingu með skólapiltunum á laugar-
dagskvöldunum. —

Sameiginlegt matarfélag hér
hafa piltar, og 2 kennararnir (Sigurður og Jósep)
Matreiðslu og þjónustu kaupa þeir
af Flóvent bústjóra á 30 kr. hver í pen-
ingum fyrir fram að haustinu.

var því allfjölment, varð hald
þennan tíma, þar sem sátu 50
menn við sama borð eða í sömu stof
Fæði og þjónustu fyrir bændaskólamenn
kostaði 1 kr. á dag í félagi þessu.

Á bændaskólanum voru fyrirlestrar haldnir: í Húsdýrafræði (14 tímar).
Í Jarðræktarfræði 4. þar að auki 12 tím
með efribekkingum. Í Heyverkun 6 tíma
Í Garðyrkju 2 tíma. Í Mjólkurfræði 2 tím
Í Vatnsveitingum 2 t. – Búreikningum
6 tímar.

Á Laugardaginn þann 29. [illegible]
seinasta daginn er bændaskólinn stóð
yfir, bauð skólastjóri fólkinu að koma
seinni part dagsins og fram eftir
nóttunni eftir vild, fram í tíma
til skemmtunar. Þótti það heppilegt
með fram vegna þess að bindindisfél.
í dalnum hélt fund sinn á Hólum
þennan sama dag, að geta sett skemmtun þessa í samband við hann.



Gekk þetta fram, varð aðal skemmtanin dans, þá sýning skuggamynda, er skólastj. lét pilta skiptast á
um að útskýra fyrir áhorfendum. Sömuleiðis rafmagns straum leiðsla, og
leikir. Hélzt skemmtanin til
morguns.—

Á skólanum eru í vetur 42
nemendur, 28 í Neðri bekk, og 14 í Efri
bekk þar af 3 nýsveinar frá Möðruvöllum.– Úr Skagafjarðarsýslu 16
nemendur. Úr Eyjafj.s. 9 Úr Þingeyjars. 9
Norður-Múlas. 2 og úr Húnavatnssýslu 6

Piltar líta yfir leitt vel út, eru
frjálslegir að útliti, og djarflegir í framgöngu, Ber að minni áliti það fyrst til
þess, að skólinn er bundinn strángur við að fletningsbanni, stjórn skólans er reglubundin og frjálsleg, og sést en ekki
síst á leikfimni þar gátan hlut að.
með sínum snöggu, skörpu afbrauðum og
gegnum heilsufræðislegum líkamsæfingum.

J. B.

# Nokkur orð um reglusemi

Kæru lesendur. Mig hefir lengi langa-
til að senda Fjallkona línu, en veigrað
mér við því eins og fleiri. Eg sé þó
að það dugar ekki lengur, og tek eg
þetta mál fyrir af því að í því er
svo mörgum á bótavant.

Reglusemin gjörir heimilun[um]
svo mikla fegurð í augum þeirra [sem]
þangað koma. Þar er allt í röð og re[glu]
hvar sem maður lítur. Hver hlutur [á]
vissan og gáðan stað, þar sem æfin-
lega er hægt að ganga að honum, [þeg]-
ar á þarf að halda, og allt fólkið gjör[ir]
sér far um, að þetta geti svo verið. Á
regluheimilunum má allstaðar sjá
vott um þrifnað og reglu því það fylg-
ist opt að, bæði utan húss og innan
er sama máli að gegna.

Um óregluheimilin er annað að



að segja. Þar má opt sjá fólk vera
og leita að ýmsu sem tapað er.
Stundum finnst hluturinn
aldrei, og verður þá annaðhvort að
kaupa annan eða koma ekki
verkinu fram, þar er opt viðkvæðið
þetta: Hvar hefir þetta verið látið,
það finnst nú ekki, það er sjálfsagt
týnt. Og svo verður ekki af því eptir
alla leitina, og fyrir höfnina að hlut-
urinn finnist, og verður ekki breyt-
aður í það skiptið. Á þessum heim-
ilum er líka margt óþrifalegt og illa
útlítandi. Allir húsbændur og hús-
mæður eiga að sjá um að allt sé í röð
og reglu á heimilunum. Foreldrar
eiga að venja börnin á þrifnað
og reglusemi því það kemur þeim
vel þegar þau eiga að fara að bjarga
sér sjálf, og kannske eigi fyrir þeim
að liggja að verða húsbændur, og er þá
gleðilegt fyrir foreldrana að vita af

því að hafa búið þau svoleiðis
undir stöðu sína, að líklegt sé
að þau geti staðið í henni sér til
gagns og sóma, og öðrum til
ánægju, ef foreldrarnir ekki gæta
að þessu þá getur allt farið öfugt
Það eru mörg dæmi er sanna
þetta hvorttveggja og vil eg nefna
hér eitt.

Eitt sinn voru 2 ungir menn
Hét annar Ásmundur en hinn Þor-
lákur. — Ásmundur var alinn upp á
reglu heimili þar hafði honum
verið kennd reglusemi í öllu, bæði
af foreldrum og öðru heimilis fólki
Þorlákur ólst aptur á móti upp
á óreglu heimili þar sem hann
sá fátt annað fyrir sér en óreglu
og óþrifnað. — Nú fóru báðir þessir
menn að búa, og voru þá í svipuðum
um efnahag. Þeir bjuggu í 5 á



og að þeim liðnum var mikill
munur að sjá þessar jarðir, og alla
umgengni á þeim. Á jörð Ásmundar
var skemmtilegt að svipast um og taka
eptir ýmsu. Hann var búinn að
slétta mikið af túninu, og hlaða grjót-
garð í kringum það að mestu leyti sem
hann hafði mest gjört í hjáverkum
með fólki sínu. Grafa langan og
mikinn skurð í mýrina sunnan
við túnið, byggja hlöður við tvö hús, og
rækta laglegan kálgarð fram af hlað-
inu, og talsvert búinn að reisa við
bæinn. Hvar sem maður leit var allt
snoturt og þrifalegt, öll verkfæri, og
annað voru eptir vissum reglum
raðað niður á einum og sama stað
þegar þau voru ekki brúkuð, tekin
þar af fólkinu á fastákveðnum
tíma, á hverjum morgni, og látin
þar aptur á jafn vissum tíma að
kvöldi hvers dags. Fólkið gekk líka

ánægt bæði að þeim og frá.
Einu sinni dettur honum í hug
að finna Þorlák kunningja sinn
og þykist muni hafa gaman að
sjá hvernig honum vegni búskap-
urinn. Tekur hann sig nú upp síð-
ast sumars, og kemur þangað síðla
dags sem Þorkell bjó. Var hestur han[s]
tvisvar nærri fallinn, í myrkrinu, á
leiðinni heim traðar ómynd er lá
heim að bænum, í annað skiptið
um stórt stykki sem sprungið
hafði úr bakkanum, en í hitt
skiptið um brotinn torfkrók
er lá þvert um götuna, og hann
áleit að hefði fokið þangað, í stór-
viðri er komið hafði fyrir hálfri
annari viku síðan. Smátt mó-
ar stórt, datt honum þá strax í hu[g]
Tekur Þorkell honum vel, og um
morguninn bað Ásmundur hann
að sýna sér nú búið, og gjörir hann



það eftir margítrekaðar bænir hans
og fara þeir svo út um túnið, og skoð-
uðu það, hús, og fleira. Sér Ásmundur
að allt er í versta ástandi. Það fyrsta
er hann rak augun í, var það að
búið var að rífa burt meir en helm-
inginn af skemmuþili þar á hlaðinu
og spurði hann því hann væri að rífa
svo stæðilegt hús. Sannast að segja
kunningi minn. Þá náði ég ekki inn
~~í fyrra~~ nærri öllum eldiviðnum
í fyrra vor. Því þó þessi þurkakafli
væri framundir frá Jónsm., þá dróst
að taka hann allan saman, en
svo kom sunnanátt með öllum úrfell-
unum, enda hafði ég þá um annað
að hugsa. Ég var orðinn eldiviðar-
laus í Þorralok, og þá var ekki um
annað að gjöra en stökkva í þilræfilinn
Reyndar ætlaði ég að gjöra við það aftur
í vor, en það hefir nú dregist og verður
líkl. ekki gjört, því Sigurður gamli á Tjörn

kom um daginn og sagðist ekki byggja mér jörðina framvegis, sé vil inginn sá arna. Ertu búinn að heyja vel í sumar? spurði Ásmundur Nei það er nú ötrúnar svaraði hinn — Hefirðu fátt fólk? Ónei, en það er bara latt og óþægt. — Þú hefir kannske a of langan vinnutímann segir Ásmundur Ekki er það nú alleiðis. Í sumar hefir það farið ofan kl. 6, en stundum ekki fyr en að ganga níu, og oft hátt kl. níu, þó það eigi að vera lengur Það gengur líka oft svo á kafl. langur tími til borðunar á daginn, þegar eg er þá annað hvort ekki við eða get ekki verið að rifast í því.

Ásmundur fór nú nokkuð að skilja hvernig í öllu lá, og sagði honum álit sitt um hverju aðallega væri um að kenna. — Hann sa svo skömmu seinna heim, og bjó fyrirmyndar búi á þessari sömu



jörð til dauða dags en Þórlákur hætti að búa um vorið, og varð tveim árum seinna vinnumaður hjá Ásmundi bónda. Honum féll vistin afarilla fyrst í stað en svo fór að hann varð þar í 12 ár, og kærði sig ekki um að breyta um. Þá kom Ásmundur, að máli við hann eitt sinn, og spurði hann hvort hann væri nokkuð farinn að skilja betur nú, hvers vegna hannum hafði svo illa farist að búa. Leigði hann Þórláki svo, litla jörð þar nærri er hann nýl. hafði keypt. Bjó hann þar lengi síðan og gekk þá allt á annan veg en í fyrra skiptið, enda hafði hann að þá annað búskaparlag. Hann hafði þá gott og þægt fólk, er vann verk sín með ánægju, eftir föstum reglum, varð aldrei framar eldiviðarlaus svo hann þyrfti að rífa hús til að

hafi í eldinu, enda var nú hvað sem leið annar svipur á öllu en í fyrra skiptið."

D.D.

---

# Á pósthúsinu

„Heyrið þér herra póstmeistari!" kallaði írskur nýlendumaður í Vesturheimi og barði upp á póststofu gluggann. „Er nokkurt bréf til mín hér inni?"

„Hver eruð þér herra minn?"

„Hver er eg? Eg er eg".

„Hvað heitið þér? með leyfi að spyrja."

„Hversvegna þurfið þér að vita heiti mitt, sé nokkurt bréf til mín þá stendur nafnið utan á því?"

„Jú! en hvernig á eg að finna bréf ef eg þekki ekki nafnið?"

„Látum svo vera! eg heiti Pat Byrne fyrst þér viljið vita það".

„Hér er því miður ekkert bréf til



herra Pat Byrne."

„Verður komist inn til yðar nema um þennan háa glugga?"

„Nei."

„Það er yður heppni, því annars skyldi eg hafa kennt yður kurteysi. Hvernig getur yður komið til hugar að spyrja ókunna menn, jafnvel heldri menn með slíkri óskammfeilni, hvað þeir heita. Að öðru leyti megið þér ekki halda að eg hafi verið svo vitlaus að segja rétt til nafns míns. Eg heiti als ekki Pat Byrne."

—— " —— " —— " ——

## Ráðning aldursgátunnar í 1. blaði

Hann var 16 ára. — Aldurinn tekinn 6 faldur og 4 bætt við 100 ár. Verður reikningsl. ráðin þannig: 100÷4 = 96. 96:6 = 16.

# Gátur

1. Tak tveggja atkvæða karlmanns nafn. Set aftara atkvæðið fram fyrir þá verður það kvenmanns nafn.
2. A. og B. mætast. B. Komdu sæll faðir minn. A. Sæll er það ég er faðir þinn en þó ertu ekki sonur minn. – Hvernig lá í því.
3. 42 eldspítur eru lagðar þannig niður . Síðan er helmingurinn tekinn burtu og verða þá hundrað eftir!
4. Tölurnar 9.8.7.6.5.4.3.1.2. eru þannig settar í samband hver við aðra með í þeirri sömu röð sem fyr er sýnd að útkoman verði jöfn fyrsta stafnum nefnil. 9 og má ekki setja neinn staf nema einn sinni.



5. Maður nokkur keypti kindur fyrir 289 kr. og gaf jafnmarga krónur fyrir hverja kind eins og þær voru margar. Hve margar voru þær, og hvað kostaði hver.
6. Finn: jökulnafn á Íslandi (austanv.)
Gilsnafn á Íslandi (Skagaströnd)
Fjallsnafn austanvert Dauðahafi í Asíu
borgarnafn á vestanverðu Rússlandi
og Nesnafn á Íslandi við Faxaflóa innanv.
Séu fyrstu stafir þessara nafna teknir í þessari sömu röð, sem hér er talið, og svo síðustu stafir þeirra allra í öfugri röð nefnilega fram á við aftur þá kemur út nafnið á merkasta fjalli Skagafjarðarsýslu. Hver eru nöfnin og hvað heitir fjallið.
7. Hvað heitir kalt vatn á Íslandi

## Skrítlur

Bítrassi var eitt sinn spurður því hann bæri ekki á kinnið sitt eins og

aðrir bændur. Hann svaraði: Ég hefi þeim mun meiri feg-urðartilfinningu en allir hinir að ég get ekki fengið mig til að éta þessar fögru grundir og bala óþverra og saur. —

— " — " — " —

Kona nokkur hafði nýja sjóndapran mann á fæði, og talaði eitt sinn til hans við borðið: Hvernig líður þér með sjónina gamli maður. Svo vel að maður minn ygðar hlýtur að hafa haft hana betri við tækari áður en þið giftust. Hún er líka alltaf að skerpast, því í fyrra dag sá ég til botns í kaffibollanum fullum, í gær sá ég í gegnum smjörstykkin, og nú sé ég í gegnum brauðsneiðarnar.
L. Ð.

---

Nú við enda vors ritnefndar tímabils finnst oss skylt að þakka þeim mönnum er styrkt hafa blaðið, en þeir hafa reyndar engir verið, nema einn utanfélagsmaður og nú í þessu blaði einn meðlimur í fyrsta sinn sýndi lofsverða viðleitni. Getum vér þess ekki af því að vér teljum eftir fyrri höfu vera, en óskum einlæglega að næsta kvöld verði betur og almennara styrkt. Með því einu móti eru líkindi til að blaðið samsvari verulega tilgangi sínum. — Ritnefndin.